

Dags.: 29. apríl 2014

Efni: **Flugfargjöld í vísitölu neysluverðs**

Hagstofa Íslands starfar með öðrum hagstofum í Evrópu og Hagstofu Evrópusambandsins, Eurostat að því að samræma aðferðir við útreikning á vísitölu neysluverðs og samræmdri vísitölu neysluverðs. Í nýjum viðmiðunarreglum frá Eurostat er gert ráð fyrir að verð á vörum skuli tekið inn í útreikning vísitölunnar í þeim mánuði sem varan er keypt en verð á þjónustu skuli tekið með í verðmælingu þegar þjónustan er nýtt. Í mjög fáum tilfellum er munur á tímasetningu kaupa og notkunar á þjónustu nema í flugfargjöldum.

Til að fylgja viðmiðunarreglum breytir Hagstofan nú tímasetningu á því hvenær verð á flugi er tekið inn í útreikning vísitölunnar. Við verðmælingar á flugi hefur Hagstofan athugað verð til ólíkra áfangastaða. Þá hefur verið miðað við flug þar sem brottför er áætluð 14 dögum, einum mánuði og tveimur mánuðum eftir að flugmiði er keyptur. Hefur mæling hvers mánaðar þannig komið jafnóðum fram í vísitölumælingu. Söfnun á verði mun halda áfram með sama hætti og áður en niðurstöður eru teknar inn á lengri tíma fram að brottför og koma því fram í vísitölumælingu seinna en áður.

Í apríl hafa flug með brottför eftir 14 daga fengið nýjar mælingar en öðrum mælingum hefur verið haldið óbreyttum frá marsmánuði. Í maí munu flugferðir með brottför eftir 14 daga og einn mánuð fá nýjar mælingar en öðrum mælingum verður haldið óbreyttum frá fyrri mánuði. Í júní lýkur aðlögun að nýrri aðferð en þá hafa öll flug fengið nýjar verðmælingar. Þetta er gert með það að leiðarljósi að verðbreytingar sem þegar hafa komið fram í vísitölumælingu verði ekki tvíteknar.